



## E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

VERKFUNDARGERÐ				
Verkheiti Lagning ljósleiðara í Borgarbyggð		Verkkaupi Borgarbyggð		Verknúmer
Fundarefni <b>Verkfundur</b>		Fundarstaður Símafundur		Nr. fundar #13
Fundarboðari Guðmundur Daníelsson	Fundarritari Guðmundur Daníelsson	Fundardags. 29/04/2020	Fundartími 10:00	Dags. Fundarg. 29/04/2020
Fundarmenn Guðmundur Daníelsson (GD) Skarphéðinn Hilbert Ingason (SI) Sævar Eiríksson (SE) Sævar Geir Hallvarðsson (SGH)		Fyrirtæki Borgarbyggð Heflun ehf Borgarbyggð SH-Leiðarinn ehf		
Fjarverandi Sigurjón Hallvarðsson (SH) Ragnar Frank (RF)		Fyrirtæki SH-Leiðarinn ehf Borgarbyggð		
Dreifing Fundarmenn		Fyrirtæki		
Dagskrá Fundar Skv. fundarboði		Dagsetning næsta fundar 13/05-2020	Tími næsta fundar 10:00	
Staða fundargerðar <input type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Drög til yfirlstrar <input checked="" type="checkbox"/> Lokið				

Nr.	Dagskrárliðir	Ábyrgð / ags.
1.	<b>Undirritun verkfundargerðar undangengins verkfundar</b> Rýnd verkfundargerð síðasta verkfundar hefur verið send verktaka til undirritunar skv. samþykktu ferli undirritunar símafunda. Umræða átti sér stað um efni fundargerða og mikilvægi á nákvæmni þeirra.	
2.	<b>Útistandandi mál frá síðasta verkfundi</b> Engin útistandandi mál voru frá síðasta verkfundi.	
3.	<b>Framgangur við þá áfanga sem unnið er við</b> Vinna við áfanga 1 og 3 er í undirbúningi, ekki hafin að svo stöddu. Skv. vettvangsskoðun verktaka er enn töluvert frost í jörð í fyrirhugaðri lagnaleið. Áætlað er að hefja störf við frágang á áfanga 3 í viku 19 og vinnu við áfanga 1 í viku 20 svo fremi sem aðstæður leyfa.	
4.	<b>Næstu skref og áfangar</b> Eftir að frágangi við áfanga 3 og vinnu við áfanga 1 lýkur er fyrirhugað að hefja vinnu við áfanga 8.	
5.	<b>Önnur mál er varða efni fundarins</b>	
6.	SI ræddi um teikningamál og útgáfu teikninga. Misskilningur átti sér stað á milli verktaka og verkkaupa um lagnaleiðir í áfanga 1 sem rekja má til mannlegra mistaka. Spurning frá SI um hvort að hægt væri að leita leiða til þess að forðast slík atvik. GD fór yfir það verklag sem stefnt hefði verið að, þ.e. að í kjölfar vinnu á hverjum áfanga fyrir sig yrði t.d. vefsja sveitarfélagsins uppfærð þannig að bæði raunlega þess sem lagt hefur verið svo og því sem næst fyrirhuguð lega lagna komi þar fram. Nú þegar GPS gögn hafa borist frá verktaka verður þetta verklag virkjað.	



#### E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

7.	SE benti á víxlun á tengistöðum á teikningum samanborið við raunveruleikann í áfanga 1. GD lagfærir.	GD
8.	Umræður um fyrirkomulag næsta verkfundar. Fundarmenn sammála um að halda símafund þann 13. maí	
9.	SH óskaði eftir að fá senda tengiskema fyrir áfanga 1 ásamt uppfærðum teikningum í áfanga 3 hafi orðið breytingar á honum. GD fór yfir þau álitamál sem snúa að áfanga 3 og ekki er vitað um breytingar þar.	GD
10	Fleira ekki rætt.	

*Skarphinn Ingólfur*  
Samþykki verktaka

*Gulnati Jannarsson*  
Samþykki verkkaupa